

GANGNABOÐ

2015

**Smölun er oft þeim manni um megn
sem má ekki þola storm né regn.
Best er að sérhver búandþegn
sé bálreiður haustið út í gegn.**

**Dú skalt æða yfir stord
aldrei tala hlýlegt orð.
Svipurinn þarf að minna á morð
ef menn ætla að smala á annað borð.**

**Hendi skal upp á móti hönd
þá heima eru smöluð lönd.
Orðin þá ekki valin vönd
vestur á Glámu og Barðaströnd.**

**Ef rekstur kemur, þú reidast átt,
rifast um bæði stórt og smátt.
Tvístr'onum, öskra og hrópa hátt,
en hirð'ann bara ef það er fátt.**

**Er réttinni safnið rennur nær,
reynir á þol og fimar tær.
Hver sem þá verður ekki ær
ætti ekki að teljast gangnafær.**

Höf. Sigurbjörn Kristjánsson.

FJALLSKILADEILD

BÓLSTAÐARHLÍÐARHREPPS

Gangnaboð 2015

Fjallskilanevnd Bólstaðarhlíðarhreppsdeildar gerir kunna álagða fjallskilavinnu og tilhögun gangna haustið 2015.

Rugludalur skal smalaður laugardaginn 29. ágúst. Gangnastjóri Tryggvi Jónsson. Eftirleit þar skal Tryggvi Jónsson ráða í samráði við aðra gangnamenn, en þó skal hún farin fyrir hreppaskil.

Rugludalur 29.08. 1 dagsverk.

Tryggvi Jónsson 3 menn.

Bjarni Ingólfsson 2 menn.

Óskar Guðmundsson 2 menn.

Þór Sævarsson 2 menn.

Guðmundur Rúnar Halldórsson 2 menn.

Eftirleit á Rugludal 1 dagsverk.

Tryggvi Jónsson 1 mann.

Óskar Guðmundsson 1 mann.

Bjarni Ingólfsson 1 mann.

Göngur á Eyvindarstaðaheiði hefjast miðvikudaginn 09.09 en gangnamenn skulu mættir í Ströngukvíslarskála að kvöldi 08.09. Gangnastjóri Jakob Sigurjónsson. Foringi mótmanna við Galtará sé Sigprúður Friðriksdóttir. Varsla safns við Stafnsrétt sé í höndum Bjarna Ingólfssonar en réttarstjórn þar sér Jakob Sigurjónsson um. Stafnsrétt hefst kl.08.30. og réttarhlé skal gert kl.09.30.

Aðalgöngur á Eyvindarstaðaheiði 09.09. 4 dagsverk.

Guðmundur Rúnar Halldórsson 1 mann.

Víðir Már Gíslason 1 mann.

Jakob Sigurjónsson 1 mann.

Óskar Guðmundsson 1 mann.

Þór Sævarsson 1 mann.

Mótmenn að Galtará 10.09. 2 dagsverk.

Sigprúður Friðriksdóttir 2 menn.

Óskar Ólafsson 2 menn.

Fyrirstaða við Blöndugil og Refsá 11.09. 1 dagsverk.

Þorsteinn Jóhannsson 2 menn.

Skulu þessir menn að lokinni fyrirstöðu reka til réttar.

Varsla yfir safni við Stafnsrétt 11-12.09 2 dagsverk.

Bjarni Ingólfsson

Laxárdalsfjöll og Bólstaðarhlíðarland skulu smöluð laugardaginn 05.09. Gangnastjóri í Laxárdalfjöllum að norðan Pétur Pétursson, en að sunnan Guðmundur Valtýsson. Réttarhlé skal sama dag í Hlíðarrétt. Réttarstjóri Sigprúður Friðriksdóttir.

Laxárdalsfjöll 05.09. 1 dagsverk. Að norðan.

Pétur Pétursson 3 menn.

Jóhann Bjarnason 1 mann.

Þorsteinn Jóhannsson 2 menn.

Guðmundur Rúnar Halldórsson 2 menn.

Brynjólfur Friðriksson 2 menn.

Að sunnan.

Víðir Gíslason 3 menn.

Guðmundur Valtýsson 2 menn.

Þórhalli Haraldsson 3 menn.

Svartárdalsfjall, Stafnsgil og Stafnsfell skal smalað 19.09. Gangnastjóri á Svartárdalsfjalli Óskar Guðmundsson en Sigursteinn Bjarnason á Stafnsgili og Stafnsfelli. Réttað sama dag í Stafnsrétt. Réttarstjóri Sigursteinn Bjarnason.

Svartárdalsfjall, Stafnsgil og Stafnsfell laugardaginn 19.09. 1. dagsverk

Svartárdalsfjall.

Óskar Guðmundsson 2 menn.

Víðir Gíslason 1 mann.

Sigríður Þorleifsdóttir 2 menn.

Erla Hafsteinsdóttir 1 mann.

Sigbrúður Friðriksdóttir 2 menn.

Stafnsgil og Stafnsfell

Sigursteinn Bjarnason 5 menn.

Þórhalli Haraldsson 3 menn.

Sunnudaginn 20.09. skal hrossum og fé smalað til Hlíðarréttar úr Laxárdalsfjöllum, réttað sama dag í Hlíðarrétt. Gangnastjóri að norðan Pétur Pétursson en að sunnan Guðmundur Valtýsson. Réttarstjóri Guðmundur Valtýsson.

Laxárdalsfjöll 20.09. 1 dagsverk

Að norðan

Pétur Pétursson 3 menn.

Jóhann Bjarnason 1 mann.

Þorsteinn Jóhannsson 1 mann.

Að sunnan.

Guðmundur Valtýsson 2 menn.

Víðir Gíslason 3 menn.

Þórhalli Haraldsson 2 menn.

Stefnt skuli að eftirleit á Eyvindarstaðaheiði 26. – 27. 09. Leitarmenn skulu koma í Ströngukvíslarskála að kvöldi 25.09. Leitarstjóri Óskar Guðmundsson.

Eftirleit á Eyvindarstaðaheiði 26-27.09. 3 dagsverk.

Óskar Guðmundsson 1 mann.

Þór Sævarsson 1 mann.

Jakob Sigurjónsson 1 mann.

Guðmundur Rúnar Halldórsson 1 mann.

Hreppaskil 05.10.

Hreppaskil skulu vera í Hlíðarrétt mánudaginn 05.10. Skulu fyrir þann tíma öll heimalönd leituð vandlega og úrtíningi komið þangað ekki seinna en kl 12.00. á hreppaskiladaginn. Réttarstjóri á hreppaskilum Guðmundur Valtýsson.

Aðstoð við heimalandasmalanir.

Vegna Æsustaðalands 2 dagsverk, vegna Bólstaðarhlíðarlands 6 dagsverk og vegna Botnastaða og Kálfárdals 4 dagsverk til Einars Kolbeinssonar.

Vegna Æsustaðalands 2 dagsverk til Jóhanns Bjarnasonar.

Vegna Grundarkots, Kárahlíðar og Strjúgsstaðalands 3 dagsverk til Péturs Péturssonar.

Vegna Fossa 4 dagsverk til Sigurjóns Guðmundssonar.

Hirðing fjár í útréttum 1 dagsverk

Skrapatungurétt. Guðmundur Valtýsson

Mælifellsrétt fyrri og seinni. Sigursteinn Bjarnason.

Auðkúlurétt. Óskar Guðmundsson

Ágætu sveitungar

Gangnaboðið er unnið samkvæmt fjallskilsamþykkt A- Hún.

Það er von okkar að við getum öll unnið saman af heilindum og haft samvinnu eins og hægt er, það skilar okkur bestum árangri við smalanir, hvort sem um er að ræða heimalönd eða afrétti.

Umráðamenn lands eru hvattir til að koma með úrtíning til rétta fyrir lok töfludráttar.

Landeigendum ber skylda til að hreinsa sín heimalönd fyrir hreppaskil.

Fjallskil eru lögð á samkvæmt fóðurbirgðaskýslum, 370 kr á kind og 370 kr á hryssur og unghross.

Lagður er landskattur á landverð úthaga 2% af landverði.

Greitt er fyrir dagsverk 12.000 kr.

Sjái menn sér alls ekki fært að vinna sín skil eða útvega sjálfir mann í sinn stað, skulu þeir hafa samband við Guðmund Rúnar Halldórsson í síma 892-6675

Ef villa leynist í útreikningi biðjum við ykkur að gera athugasemd við það fyrir 20.10. næstkomandi.

Finnstungu 18. ágúst 2015

Gjört í umboði hreppsnefndar Húnavatnshrepps.

Jakob Sigurjónsson

Guðmundur Rúnar Halldórsson

Fanney Magnúsdóttir